

# Endurskoðun & ráðgjöf ehf.

## Skýrsla um gagnsæi í janúar 2021

Skýrsla Endurskoðunar og ráðgjafar ehf um gagnsæi fyrir árið 2020 er gerð samkvæmt ákvæðum laga nr. 94/2019 um endurskoðendur. Samkvæmt þeim ber endurskoðunarfyrirtækjum, sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum, að birta á vefsvæði sínu skýrslu um gagnsæi. Í skýrslunni koma fram þau atriði sem kveðið er á um að koma skuli fram í fyrrnefndum lögum og þær óhæðisreglur sem fyrirtækið fer eftir.

Þrátt fyrir að félagið endurskoði ekki einingar tengdar almannahagsmunum er skýrsla um gagnsæi að engu að síður birt.

Stjórn Endurskoðunar og ráðgjafar staðfestir samkvæmt sinni bestu vitund að öll þau atriði sem kveðið er á um í 29. gr. laga nr. 94/2019 komi fram í skýrslunni. Einnig lýsir stjórnin því yfir að innra gæðaeftirlitskerfi félagsins, eins og því er lýst í skýrslunni, sé skilvirkt og staðfestir að þeim óhæðisreglum sem félaginu ber að fylgja og er lýst í skýrslunni hafi verið fylgt.

### Félagsform - eignarhald:

Félagið er einkahlutafélag stofnað í október 1986. Kennitala félagsins er 671086-1209. Samkvæmt samþykktum þess er tilgangur félagsins endurskoðun, bókhald og skattaráðgjöf. Félagið er með heimili að Garðatorgi 7 í Garðabæ. Eigendur félagsins eru Eymundur Sveinn Einarsson, löggiltur endurskoðandi. Hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa á árinu 1999 og hefur rekið eigin endurskoðunarstofu frá árinu 2000. Agnar Páll Ingólfsson, löggiltur endurskoðandi. Hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa á árinu 2019. Henry Örn Magnússon, Viðskiptafræðingur Macc.

Félagið starfar eitt sér að endurskoðun og er ekki aðili að samstarfsfyrirtæki annarra endurskoðenda. Félagið hefur lausleg tengsl við alþjóðlega keðju sjálfstæðra endurskoðunarfyrirtækja, Russell Bedford International sem er með aðalstöðvar á Englandi.

Ákvörðunartaka og ábyrgð á málefnum félagsins er öll á hendi eiganda félagsins.

### Heimildir og réttindi:

Eymundur Sveinn Einarsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðendanúmer [EE-1999-001](#).  
Agnar Páll Ingólfsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðendanúmer [EE-2019-001](#).  
Endurskoðun og ráðgjöf ehf, endurskoðendanúmer [EF-2011-005](#).

### Innra gæðaeftirlit og óhæðisreglur:

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/2019 ber endurskoðunarfyrirtækjum að hafa formlegt gæðakerfi. Endurskoðunarfyrirtæki verða að sýna fram á að gæðakerfið hafi verið innleitt en í því felst að það á að vera skriflegt og aðgengilegt þeim sem það nota sem og þeim sem taka út gæðaeftirlitskerfi fyrirtækisins.

Gæðaeftirlitskerfi okkar er í samræmi við alþjóðlegan staðal um gæðastjórnun innan endurskoðunarstofa (e. International Standard on Quality Control 1, ISQC 1). Kerfið tekur einnig mið af siðareglum endurskoðenda (IFAC Code of Ethics) sem og alþjóðlegum staðli um

gæðastjórnun í verkefnum (International Standard on Auditing, ISA 220). Gæðaeftirlitskerfið inniheldur þá meginþætti sem gæðaeftirlitskerfi eiga að innihalda samkvæmt ISQC 1,

Í gæðahandbók félagsins, köflum 5 og 6, er lýsing á innra gæðaeftirlitskerfi félagsins. Í kafla 2 eru upplýsingar um óhæðisreglur félagsins. Gæðastjóri staðfestir skilvirkni innra gæðaeftirlitskerfisins og að óhæðisreglum gæðahandbókarinnar er fylgt.

Gæðastjóri félagsins er Agnar Páll Ingólfsson

### **Ytra gæðaeftirlit og upplýsingar um hvenær síðasta gæðaeftirlit fór fram:**

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendafyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum skulu sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Hlutverk endurskoðendaráðs er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 94/2019, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda. Gæðaeftirlitið felur í sér könnun á gæðastjórnun fyrirtækisins og nær til allra félaga FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunarverkefnum.

Félagið og endurskoðandi lúta reglum um gæðaeftirlit samkvæmt VII. kafla laga nr. 94/2019 um endurskoðendur.

Félagi sætti gæðaeftirliti í fyrsta sinn án athugasemda árið 2012 síðan árið 2016. Síðasta gæðaeftirlit var framkvæmt af Endurskoðendaráði fór fram hjá félaginu og endurskoðanda í október 2019. Niðurstöður gæðaeftirlitsins voru afgreiddar án athugasemda af Endurskoðendaráði í nóvember 2019.

### **Endurmenntunarstefna:**

Endurskoðandi þarf að uppfylla lágmarksskilyrði um kröfur um endurmenntun í samræmi við 9. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur. Um er að ræða 120 einingar á hverju 3 ára tímabili og eru endurmenntunareiningarnar skráðar á innri vef Félags löggiltra endurskoðenda.

Að öðru leyti vísast til kafla 4 í gæðahandbók félagsins um endurmenntun starfsmanna.

### **Heildarvelta:**

Heildarvelta félagsins á árinu 2020 voru 230 milljónir.

### **Starfskjör eiganda:**

Eigandi ákvarðar starfskjör sín m.a. með hliðsjón af vinnuframlagi, afkomu félagsins og viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra.

### **Gæðahandbók:**

Gæðahandbók félagsins var samþykkt í janúar 2019 og er hún aðgengileg í heild sinni á heimasíðu félagsins.

### **Einingar tengdar almannahagsmunum:**

Félagið endurskoðaði ekki einingar tengdar almannahagsmunum á síðasta ári.